

**97. fundur  
fræðslunefndar  
haldinn í fundarsal á 3. hæð,  
miðvikudaginn 4. mars 2009 og hófst hann kl. 17:00**

**Fundinn sátu:**

Björn Sverrisson formaður, Katrín Pálsdóttir, Katrín Gísladóttir, Ingveldur Eyþórsdóttir, Hrefna Frímansdóttir, Gunnar Svanlaugsson skólastjóri grunnskóla, Sigrún Þórsteinsdóttir skólastjóri leikskóla, Elín Guðrún Pálsdóttir fulltrúi leikskólakennara, Arna Sædal Andrésdóttir, fundarritari.

**Fundargerð ritaði:** Arna Sædal Andrésdóttir.

**Dagskrá:**

**1. 0903005 - Skýrsla Sigrúnar um starfið í leikskólanum**

- Föstudaginn 6. febrúar var foreldrakaffi í tilefni dags leikskólans.
- 6. febrúar fóru tveir leikskólakennarar á námskeið sem heitir Hring eftir hring, sem er námskeið í tónlist og hreyfingu.
- 17. febrúar fóru nokkrir kennarar á námskeiðið „Verndum þau“ sem félags- og skólaþjónustan bauð upp á.
- 23. febrúar var starfsdagur og þá vorum við með námskeið sem heitir „Lífsspeki fisksins“.
- Öskudagur með hefðbundnu sniði, grímuball og kötturinn sleginn úr tunnunni.
- 27. febrúar kom Ásta Sigurbjörnsdóttir, talmeinafræðingur.
- Sóttum um grænfánann í annað skipti.

Fyrirspurn: Hversu stór ca. er 2008 árgangurinn hér í bænum? Hann er ca. 17 börn.

Mikil ánægja var með foreldrakaffið í leikskólanum og fær starfólk leikskólans hrós fyrir þetta framtak.

**2. 0903004 - Skýrsla Gunnars um starfið í grunnskólanum**

- Marspunktur GSS.  
Lagðir fram.
- Kynning á reglugerðum vegna grunnskóla.
  - ✓ Reglugerð um skólaráð við grunnskóla er komin til grunnskólanna í landinu og þá er hægt að fara á fullt með vinnu skólaráðs GSS.
  - ✓ Reglugerð um Sprotasjóð (sjóður fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla).  
Ný reglugerð. Hlutverk sjóðsins er að styðja við þróun og nýjungar í skólastarfi í leik-, grunn- og framhaldsskólum.

- ✓ Reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla. Námsráðgjafi frá FSN mun á næstu dögum heimsækja GSS.

Gunnar fær hrós frá formanni fræðslunefndar varðandi vinnu sína í sambandi við Árnámessu sem haldinn verður hér í Stykkishólmi 14. mars nk. í minningu Árna Helgasonar. Dagskrá Árnámessu má finna á vef Lyðheilsustöðvar (<http://www.lydheilsustod.is>) eða á vef Stykkishólmsbæjar (<http://www.stykkisholmur.is>).

### 3. 0902006 - Kynning á Teymisvinnu í GSS

Gunnar kynnti teymishópana og vinnu þeirra. Teymishópar GSS. Skólaárið 2008 – 2009.

- Sjálfsmatsteymi
- Nemendaverndarráð GSS
- Umhverfisteymi
- Skólanámskrárteymi
- Námsmats – og regluteymi
- Skólaráð (Skólastjóri, 2 kennarar Sólrún Júlíusdóttir og Helga Sveinsdóttir, 1 almennur starfsmaður Sigrún Ársæls + 3 foreldrar + 2 nemendur = 9)
- Grænfánavinna GSS

### 4. Önnur mál.

- Fyrirspurn: Spurning varðandi „gestanemendur“. eru í gildi einhverjar reglur um nemendur sem ekki eiga lögheimili hér sem dvelja hérna í bænum í lengri eða skemmri tíma óski þeir eftir að fá að sækja kennslu í GSS? Ekki eru til neinar slíkar reglur en þær eru í vinnslu.
- Formaður fræðslunefndar vill koma fram ánægju sinni með grænafánavinnu skólanna.

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 18.30**